

27. október 1977

625

Nr. 364.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur veitt Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Andakilsár-
virkjun, og Laxárvirkjun, heimild til 15% — fimmtán af hundraði — hækkunar
heildsöluverðs raforku á gildandi gjaldskrá þeirra frá og með 1. nóvember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1977.

Nr. 365.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið
og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té
vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega
stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur,
og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 63.25 fyrir
hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil,
og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem
hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1.
mars næst á eftir, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu
sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir
1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 16 622.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

| | |
|--|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾“ | kr. 548.00 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1“—2“ | — 1 230.00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3“ og stærri | — 2 459.00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisléstur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1 150.00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Rúmmál húss: (utanmál) m³ Heimæðagjald

| | |
|-----------------|--|
| Allt að 400 | kr. 175 612 |
| 400— 2 000 | — 175 612 fyrir 400m ³ + 141 kr/m ³ þar yfir |
| 2 000— 6 000 | — 401 212 fyrir 2 000m ³ + 120 kr/m ³ þar yfir |
| 6 000—10 000 | — 881 212 fyrir 6 000m ³ + 105 kr/m ³ þar yfir |
| Meira en 10 000 | — 1 301 212 fyrir 10 000m ³ + 92 kr/m ³ þar yfir |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 21 075.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með oliukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 2 300.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. Orkulögum nr. 58, 29 apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 230 26. maí 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 67.09 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 27.87 hverja kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 8 403.00 á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal og kr. 159.00 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetrægjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 80.00 á m² á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulíð við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 14.58 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 1 499.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.